



## 10 – Þögn og eyður

*Sjá einnig fletturarnar [Eyður](#) og [Þagnir í heimildum](#) á vefnum [Huldakonur.is](#)*



Heimildir eins og bækur, handrit, bréf, dagbækur, þingumræður og lagafrumvörp ráða miklu um það sem við vitum um söguna. Að sama skapi er margt sem við vitum ekki vegna þess að engar heimildir um það hafa varðveist. Á Íslandi höfum við til dæmis fáar heimildir sem sýna tilfinningar kvenna til annarra kvenna fyrr en í kringum aldamótin 1900. Ýmsar heimildir segja okkur hvað öðru fólki fannst um hinsegin konur en við getum ekki vitað hver upplifun kvennanna var nema við sjáum heimildir frá þeim sjálfum. Þegar slíkar heimildir eru til þurfum við líka oft að túlka og lesa milli línanna, því konurnar segja ekki alltaf beinum orðum það sem þær eiga við.

Ýmsar áhugaverðar eyður eru í heimildum okkar um hinsegin kynverund kvenna. Til dæmis vitum við að sumar konur skrifuðu mjög mikið en samt eru engin persónuleg skrif frá þeim í skjalasöfnum. Stundum eru engin einkabréf varðveitt í skjalasöfnum ákveðinna kvenna, eða þá að einkabréf til tiltekinnar sambýliskonu eða náinnar vinkonu vantar. Margar ástæður geta verið fyrir þessu. Bréfin gætu hafa eyðilagst óvart og mögulega datt engum í hug að varðveita þau. Kannski eyddu konurnar bréfunum sjálfar. En það getur líka verið að fjölskylda þeirra eða aðrir hafi gert það til að fela það sem í þeim stóð.

Tökum sem dæmi konu að nafni Ingibjörg Ólafsson. Hún fór til útlanda á öðrum áratug 20. aldar, fyrst í lýðháskóla í Danmörku og síðar í kennaraskóla þar og á Englandi. Hún var mjög virk í kirkju-starfi og var aðalframkvæmdastjóri Kristilegs félags ungra kvenna (KFUK), fyrst í Reykjavík, svo Kaupmannahöfn og loks á öllum Norðurlöndunum. Á ferðum sínum kynntist hún Despinu Karadja, sem var sænsk-býsönsk prinsessa. Við vitum ekki hvernig leiðir þeirra lágu saman en þær voru sambýliskonur í næstum 40 ár. Þær héldu heimili skammt frá Brighton í Sussex á Englandi (sjá **7. kafla: Hinsegin konur í kvennahreyfingunni**).

Kirkjan virðist ekki hafa talið sambúð Ingibjargar og Despinu ósiðlega, að minnsta kosti ekki opinberlega. Kannski var lítið á þær sem sanntrúaðar systur, ekki ólíkar nunnum. Þær sjálfar, og

samferðafólk þeirra, notuðu trúarlega orðræðu til að lýsa sambandi þeirra. Til dæmis skrifaði Despina í minningarbók um Ingibjörgu að guð hefði gefið þær saman. Við vitum ekki hvaða skilning hún lagði í þau orð en samband þeirra var allavega mjög náð.

Þegar Ingibjörg lést árið 1962 lét Despina Borgarskjalasafn Reykjavíkur fá skjalasafn hennar. Safnið er stórt því Ingibjörg skrifaði mikið og geymdi fjölmörg bréf til og frá fólki víða um heim. Það er því athyglisvert að engin persónuleg bréf milli hennar og Despinu hafa varðveist, fyrir utan eitt póst-kort. Ingibjörg ferðaðist mikið og var oft í burtu frá heimili þeirra. Þess vegna er nokkuð víst að þær skrifuðust á – en þau bréf eru ekki í safninu. Það er ekki ósennilegt að Despina hafi fjarlægt þau, mögulega af ótta við að þau vektu grunsemdir um að samband hennar og Ingibjargar hefði verið ósiðlegt (að mati samfélagsins). Þessi bréf, sem líklega voru til en eru það ekki lengur, eru því eyða í sögunni.

Önnur möguleg skýring á svona eyðum í skjalasöfnum er að einhver hafi seinna ákveðið að eyða eða fela ákveðin skjöl. Þegar skjöl eru undirbúin fyrir varðveislu eða úrvinnslu hafa stundum liðið margir áratugir frá því að þau voru skrifuð. Í millitíðinni hafa hugmyndir fólks oft breyst, til dæmis um siðsemi. Það sem þá þykir ósiðlegt eða óþægilegt er jafnvel hreinsað burt til að vernda orðspor manneskjunnar sem á í hlut. Þess vegna getur verið að skjöl sem sýndu tilfinningar og langanir kvenna til annarra kvenna, sem ekki þóttu óeðlilegar við upphaf 20. aldar, hafi seinna verið látin hverfa.



### Guð gaf okkur saman

Skrif Despinu Karadja um Ingibjörgu Ólafsson eru áhugaverð vegna þess að hún notar oft trúarlegt tungumál til að tjá tilfinningar til sambýliskonu sinnar. Despina gaf út minningabók um Ingibjörgu, *Ingibjörg Ólafsson – en minnesbok*, og þar skrifar hún:

„Það var óskiljanlegt ríkidæmi, sem Guðs náð veitti mér, að eiga Ingibjörgu að vinkonu í 39 ár og fá að deila lífi með henni í 37 ár. Ég mun aldrei nógsamlega getað þakkað Guði – og henni sjálfri – fyrir allt sem hún gaf mér og var fyrir mér í öll þessi hamingjusömu ár. *Hann gaf okkur saman. [...] Hennar hlýi ástríki vinskapur kenndi mér að stærsti fjársjóður lífsins hér á jörðinni er vinur sem Guð gefur manni.*“ (bls. 37–38)

## Verkefni

---



- » Skoðið námsbækurnar sem þið notið í skólanum. Er minnst þar á konur sem bjuggu með öðrum konum, klæddu sig á óhefðbundinn hátt eða rituðu ástarbréf til annarra kvenna? Ef ekki, hvers vegna haldið þið að svo sé?
- » Ef það ætti að varðveita tölvupóstinn ykkar, sms eða samfélagsmiðlaskilaboð á skjalasafni fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar, hvaða efni mynduð þið vilja setja á safnið? Hvaða efni mynduð þið eyða?